



**RANGÁRÞING
YTRA
BREYTING AÐALSKIPULAGS
VATNSVERNDARARSVÆÐI / FRÍSTUNDASVÆÐI
Í LANDI NESS/HELLUVAÐS**

Lýsing



STEINSHOLT

15. febrúar 2017

1 INNGANGUR

Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Gert er ráð fyrir breytingu á afmörkun vatnsverndarsvæðis í landi Ness og Helluvaðs og nýju frístundasvæði.

Markmið sveitarfélagsins með breytingunni er að vernda grunnvatn sem neysluvatn fyrir íbúa og atvinnustarfsemi og að tryggja nægt framboð neysluvatns og vatnsgæði samhliða því að landeigandi geti nýtt sitt land án þess að spilla neysluvatnsmöguleikum.


Í greinargerð verða áhrif aðalskipulagsbreytingar skoðuð út frá 0-kosti, þ.e. núverandi stöðu í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin verður metin út frá líklegum áhrifum á náttúrufar (gróður og dýralíf), verndarsvæði og heilsu og öryggi fólks.

Lýsing þessi er unnin skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um lýsingu á skipulagsverkefni og áherslur sveitarstjórnar.

Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða því verður hún send Skipulagsstofnun og til annarra umsagnaraðila.

2 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Í gildandi aðalskipulagi er allt svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Hluti svæðis hefur verið skilgreindur sem vatnsverndarsvæði og svæðið nýtt til vatnstöku fyrir þéttbýlið á Hellu. Grannsvæði vatnsbóls í landi Ness er nokkuð þröngt afmarkað, er nú um 21 ha. Stefnt er að aukinni vatnsöflun á svæðinu og því þörf á að stækka vatnsverndarsvæðið. Jafnframt hefur landeigandi á Helluvaði óskað eftir að nýta sitt land til byggingar á frístundahúsum á svæðinu.



Mynd 1. Gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022. Aðalskipulagsbreyting tekur til svæðis innan rauða rammans.

Leitað hefur verið ráðgjafar hjá ISOR á tillögunni og borist hefur álit þeirra; *Vatnstaka úr lindum á vatnsverndarsvæði í Nesi og í landi Helluvaðs II, á Rangárvöllum dags. 4.2.2016, varðandi breytingu á afmörkun vatnsverndarsvæðis. Þar kemur m.a. fram að „Athuganir á vatnsbólslindinni leiða í ljóða að vatnsmagn hennar, hiti og rafleiðni er mjög stöðug og tekur litlum breytingum milli árstíða. Það bendir aftur til að vatnið í henni sé ekki komið úr efstu lögum*

grunnvatnsins heldur eigi sér dýpri rætur. Það þýðir jafnframt að það er ekki eins næmt fyrir umsvifum á yfirborði og vatn úr efstu lögum grunnvatnsins“.

Með breytingu aðalskipulagsins verður afmörkun grannsvæðis vatnsbólís í landi Ness breytt og mun það stækka talsvert. Jafnframt er skilgreint fjarsvæði sem nær yfir í land Helluvaðs.

Breytingin gerir einnig ráð fyrir frístundasvæði norðan til, í landi Helluvaðs, þar sem verður gert ráð fyrir ítarlegum skilmálum, m.a. varðandi frárennsli til að hindra hættu á mengun grunnvatns.

Lýsing svæðis

Svæðið sem um ræðir er skammt norðan við þéttbýlið á Hellu, á bökkum Ytri-Rangár. Það er fremur flatt næst ánni en halli eykst eftir því sem austar dregur. Næst ánni er mólendi, jafnvel votlendi á köflum. Austar er landið þurrlendara mólendi og þar er land ræktað, þar eru tún frá Helluvaði og enn austar er komið austur á Helluvaðssand sem eru lítt gróin melasvæði. Landið er aðallega nýtt til ræktunar og beitar.

Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi (nr. 1), Um Þrúðvang í gegnum þéttbýlið á Hellu og þaðan um nýjan aðkomuveg neðan Dvalarheimilisins Lundar.

3 UMHVERFISÁHRIF

Greint verður frá umfangi umhverfismats aðalskipulagsbreytingarinnar og þeim áhrifa- og umhverfisþáttum sem lagðir verða til grundvallar við matið. Einnig er greint frá þeim viðmiðum sem notuð verða til að meta áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á viðkomandi umhverfisþætti.

Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir vegna aðalskipulagsbreytingarinnar en fyrir liggur áður nefnd skýrsla ISOR vegna fyrirhugaðra breytinga. Stuðst verður við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfisins.

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á þremur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.
- Fyrirbyggjandi umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

3.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í 6. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000 er kveðið á um þær framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki háð mati á umhverfisáhrifum en engu að síður verða helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar metin og gerð grein fyrir þeim áhrifum í tillögu að breyttu aðalskipulagi.

3.2 UMFANG

Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er breytt afmörkun grann- og fjarsvæða vegna vatnsverndar. Metin verða áhrif þess að halda óbreyttri stefnu í gildandi aðalskipulagi (0 – kostur) eða gera ráð fyrir að grannsvæði verði breytt, fjarsvæði afmarkað og nýtt frístundasvæði sett inn á skipulag.

3.3 UMHVERFISÞÆTTIR

Meginmarkmið sveitarstjórnar með breyttu aðalskipulagi er að tryggja nægt framboð af heilnæmu og góðu neysluvatni fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Áhrif breytingarinnar verða metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Vinsun áhrifaþátta er hefðbundin aðferð til að greina þá þætti sem mestu skipta. Við mat á áhrifum framkvæmdar hefur slík vinsun farið fram og þar er ákvarðað hvaða umhverfisþættir eru valdir til umfjöllunar.

Eftirtaldir þættir verða metnir í breytingunni:

- Náttúrfarslegir þættir
- Heilsa og öryggi

3.4 UMHVERFISVIÐMIÐ

Helstu umhverfisviðmið sem horft er til þegar metin eru áhrif á umhverfisþætti eru stefnumörkun sem fram kemur í lögum og reglugerðum sem og alþjóðasamningar. Þá er horft til stefnu ríkis og sveitarfélaga sem m.a. kemur fram í aðalskipulagi sveitarfélaganna og hinum ýmsu verndaráætlunum. Í eftirfarandi töflu eru teknar saman þær stefnumarkningar sem lagðar eru til grundvallar umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar. Listinn er ekki tæmandi. Þessar stefnumarkningar eru notaðar sem umhverfisviðmið til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagsbreytingin hefur í för með sér.

Tafla 1. Helstu stefnumarkningar sem horft er til við mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingar á umhverfisþætti.

Umhverfisþáttur	Stefnumörkun	Viðmið
Náttúrfarslegir þættir; gróður, dýralíf, landslag, ásýnd.	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna skv. 1. gr.
	Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006	Gr. 33 um mannvirkjagerð í og við veiðivötn.
	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026	Kafli 2.2.1 um yfirbragð byggðar og 2.2.2 um náttúru, menningararf og heilnæmt umhverfi.
Heilsa og öryggi; mengun, grunnvatn	Reglur um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Markmið reglugerðarinnar skv. 1. gr.
	Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Markmið reglugerðarinnar skv. 2. gr.
	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999	Markmið reglugerðarinnar skv. 1 gr.
	Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi til 2020	Kafli II um hreint og heilnæmt ferskvatn.
	Landsskipulagsstefna 2015 – 2026	Kafli 3.2.2 um heilnæmt umhverfi og viðeigandi ráðstafanir varðandi vatnsvernd og fráveitu.

3.5 EINKENNI OG VÆGI ÁHRIFA

Gerð er grein fyrir umhverfispáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Metin verða áhrif þess að halda óbreyttri stefnu (0 kostur) eða breyta afmörkun vatnsverndarsvæðis og setja inn nýtt frístundasvæði.

4 SAMRÁÐ OG KYNNING

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins. Lýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar og öðrum umagnaraðilum. Helstu umsagnaraðilar eru; Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Gert er ráð fyrir að kynna lýsingu í marsmánuði. Tillaga að breyttu aðalskipulagi verður kynnt og tekin fyrir í sveitarstjórn í mars/apríl.

Breytingartillagan verður kynnt almenningi og hagsmunaaðilum með auglýsingu áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn, í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.